

3.bekkur

„*Leynistaður*“ þriðja bekkjar er **fjaran**. Fjaran er staður sem hentar öllum aldurshópum mjög vel. Hún er allt í kringum skólann og býður upp á óteljandi möguleika. „Leynistaðurinn“ sem við völdum er sandfjaran við Suðurströnd. Þangað er ágætis göngutúr og meiri veðursæld en norðanmegin.

Eins og áður eru forhugmyndir barnanna kannaðar. Það má ganga út frá því að börnin hafi komið á þennan stað oftari en einu sinni, bæði með foreldrum og einnig með leikskólanum sínum. Því má vænta þess að börnin hafi frá ýmsu að segja.

- Hvaða gróður vex á þessum stað?
- Hvaða dýr lifa í og við fjöruna/sjóinn?
- Hvað er sjávargangur og landbrot?
- Hvers vegna eru sumar fjörur sandfjörur en aðrar stórgrýttar?
- Hvað eru skeljar úr hverju eru þær?
- Hvaða fugla hafa þau séð í fjörunni?
- Hvers vegna sækir hrafninn í fjöruna á veturna?
- Hvernig förum við klædd í fjöruferð?
- Hvað ber að varast?



Haust í Fjörinni.

Við förum í gegnum spurningarnar sem áður höfðu kviknað. Útbúum kort af leiðinni. Börnin fá fræðslu um fjöruna og söguna. Héðan voru selveiðar stundaðar. Það kemur enn fyrir að selir syndi í sjónum við fjöruna.

Við útbúum fjörukassa, í hann setjum við allt það sem við söfnum í ferðum okkar á „*Leynistaðinn*.” Fjörukassann geymum við í fjöruhorninu okkar sem við erum búin að útbúa í skólastofunni. Svo undirbúum við tilraun, að senda flöskuskeyti.

Á leið okkar er listaverkið „Skuggar” eftir Steinunni Þórarinsdóttur. Það eru tvær manneskjur sem halla sér að hvor annari. Við látum börnin gera eins, og skírur okkar verk öðru nafni t.d. Vinátta. Í þessari ferð skoðum við staðsetninguna vel.



Við horfum út á sjó og sjáum hvernig sjórinn fer og kemur svo með krafti að ströndinni. Það er aldrei of varlega farið. Við tínum það sem skolast á land og skoðum það. Hvers vegna kemur allt þetta drasl? Því er ekki bara sjávargróður, skeljar, dýr og sandur í fjörunni? Hvaða fugla sjáum við? Hvaða munur er á sjófuglum og fuglunum á Valhúsahæð? Er sjófuglunum ekki kalt? Hvað borða fuglar úr sjónum? Hvernig er lyktin í fjörunni?

Leikir. Prófa mismunandi undirlag í þrautakóng. Ganga á þurrum/blautum steinum, ganga í þanginu.

Tilraunir: Steinarnir í fjörunni, er munur á steinum í fjörunni og steinum á Valhúsahæð? Breytist liturinn á steinunum í sjónum? Hvaða steina er best að nota til að fleyta kerlingar? Er stærsti steinninn alltaf þyngstur?



Vetur í Fjörinni

Hvaða breytingar verða? Hvers vegna frýs sjórinn ekki? Hvenær frýs hann og hvers vegna koma ísjakar? Hafa börnin séð ísjaka? Tökum með okkur brauð handa öndunum. Sjáum við hrafninn? Hvaða fuglar eru í fjörinni allt árið?

Um veturinn fræðumst við líka um steinana í fjörinni. Tínum þá og skoðum. Flokkum þá eftir stærð, lögun, hverjir eru mjúkir, hverjir eru hrjúfir o.s.frv. Fáum verkmenntakennara með okkur. Málum steina og búum til tröllafjölskyldu úr þeim. Í smíðinni tökum við steina í sundur og skoðum þá. Getum við sett þá saman aftur?

Við semjum sögu og höldum dagbók. Einnig horfum við á myndbönd sem heita „Fjaran, Lífríki í landi Seltjarnarness”.

Vor í Fjörinni

Eins og áður er spurningin hvernig breytist náttúran milli árstíða? Við förum í ferð um vorið með nesti og plastpoka fyrir það sem við finnum. Við bjóðum vinabekknum með okkur og í þeirri ferð tökum við með okkur krukkur. Við veltum steini og finnum þar pöddur sem við setjum í krukuna og skoðum í smásjá þegar við komum til baka. Börnin fylgjast með pöddunum, fóðra þær til að halda í þeim lífi og sleppa síðan aftur út í náttúruna til að sýna að við berum virðingu fyrir náttúrunni.

Við athugum:

- Hefur fuglum fjölgað?
- Eru fuglarnir farnir að verpa?
- Er sama lykt og var í vetur?
- Hvaða lykt finnum við?

Skipuleggjum að lokum ferð með foreldrum.

